

2017

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

TÖLUM SAMAN LÆRUM SAMAN

ODDEYRARSKÓLI | Akureyri

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla:

Oddeyrarskóli

Nafn verkefnisins:

Tölum saman - lærum saman

Nafn verkefnisstjóra:

Rannveig Sigurðardóttir og Fjóla Kristín Helgadóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:

UMS-285 - 2015

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Að kennarar nái valdi á fjölbreyttum leiðum í samræðum við nemendur.

- Að kennarar nýti starfendarannsóknir sem leið til að þróa kennsluhætti sína.
- Að þjálfa hæfni nemenda, með sérstakri áherslu á lykilhæfniþætti aðalnámskrár sem snúa annars vegar að tjáningu og miðlun og hins vegar að skapandi og gagnrýnni hugsun.
- Að samræður verði lykill að því að auka hugtakaskilning í hvaða námsgrein og námsefni sem er.
- Að nemendur nái valdi á að nýta sér samræður í námi sínu.
- Að auka virkni og ábyrgð nemenda í námi.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Læsiðteymi var sett saman til að halda utan um vinnuna og hvetja fólk til góðra verka. Eðlilega voru margir óöruggir í upphafi, þar sem nálgunin var ný fyrir stóran hluta kennara. Fólk vissi ekki alveg í hvorn fótinn það átti að stíga til að ná tökum á verkefninu.

Það sem kennarar voru ekki síst óöruggir með var að þeir voru ekki vissir um hvort fara ætti í heimspekilegar samræður (eða hvort nálgunin ætti að vera heimspekileg) eða tengja samræðurnar meira við námsefnið sjálft.

Teymið lagði áherslu á að það væri í sjálfu sér undir hverjum og einum komið hvernig hann nálgadist verkefnið. Langflestir völdu að tengja samræðurnar við námsefnið, eins og í stærðfræði og íslensku. En einn og einn fór meira út í heimspekina.

Teymið reyndi að vera til halds og trausts og koma með hugmyndir og útfærslu en fólk kallaði á eitthvað meira. Jafnvel kennsluáætlanir og skipulag, sem ekki varð hægt að verða við.

Eins vafðist fyrir sumum kennurum að niðurstaða kennslustundarinnar lægi ekki fyrir í upphafi, því samræður geta farið víða og kennarinn hefur ekki alltaf stjórn á því sem uppá kemur í kennslustundinni.

Ráðgjafar og leiðbeinendur voru Hafþór Guðjónsson og Brynhildur Sigurðardóttir. Þau komu nokkrum sinnum í skólann til skrafs og ráðagerða og leiðbeindu bæði teyminu og kennarahópnum öllum.

Þau komu haustið 2015 með námskeið fyrir alla kennara þar sem farið var í samræður til náms, bæði fræðilega og hagnýtt.

Kennarahópurinn fór í nóvember 2015 á höfuðborgarsvæðið og sat einn dag á námskeiði hjá Brynhildi í Garðaskóla. Hluti hópsins fékk einnig að sitja kennslustundir í samræðum og heimspeki í þeim skóla.

Um vorið var svo uppskeruhátíð, þar sem kennarar sögðu frá því sem gert hafði verið. Miðað við hve hægt verkefnið fór af stað um haustið, kom það öllum verulega á óvart hversu mikið og gott starf hafði verið unnið. Langflestir kennarar tóku þátt og margir sögðu frá því sem þeir höfðu gert.

Meðal annars voru kynntar klípusögur á unglíngastigi, hvernig unnið var að því að byggja upp samræðureglur og æfingar í samræðum á miðstigi og samræðuaðferð í stærðfræði í öðrum og þriðja bekk kynnt.

Haldið var áfram næsta haust en þá var hver kennari eða kennarateymi meira að vinna sjálfstætt, án mikillar aðkomu teymisins. Það hittist þó reglulega og tók stöðuna.

Í lok febrúar 2017 hélt læsisteymið í viking til Yorkshire á Englandi, til að kynna sér skóla sem stendur framarlega í samræðukennslu. Sú ferð varð til þess að teymið komst í kynni við Clare Reed og fékk hana til að koma í skólann til okkar haustið 2017. Varð úr því tveggja daga námskeið í aðferð sem nefnist Talking Partners sem nýttist öllum kennurum og nú er verið að vinna í samræmi við það sem hún kenndi á öllum stigum skólans. Hennar námskeið snerist aðallega um að ná til barna sem eiga í erfiðleikum með tjáningu, hafa slakan orðaforða eða þurfa sérstaka þjálfun. Gert er ráð fyrir að kenna þetta í litlum hópum en efnið getur þó einnig nýst kennurum í bekkjarkennslu.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Auglýst var eftir fólki til að sitja í læsisteymi vorið 2015. Hlutverk þess var að halda utan um verkefnið Tölum saman-lærum saman en til þess fékkst styrkur það sama ár.

Vissulega var það stór hluti vinnunnar veturinn 2015-2016 en á fundi sem boðaður var í HA með læsisteymum allra grunnskólanna fékk teymið annað verkefni upp í hendurnar: að móta sameiginlega stefnu Akureyrarbæjar í læsismálum.

Teymin fengu í hendurnar efni sem þýtt var úr efni frá Ástralíu sem kallast First Steps og lagðist í mikla vinnu við að koma því á íslensku, einfalda og bæta vonandi.

Þar sem áherslan í Oddeyrarskóla var á talað mál og hlustun, var unnið með þann þátt í læsisstefnunni. Þessari vinnu lauk svo haustið 2016.

Starfendarannsóknir hafa ekki tekist eins og við ætluðum okkur. Við erum nú að hefja undirbúning að því að vinna með kennurum í að taka lítil skref í átt slíkum vinnubrögðum. Tveir af þremur stjórnendum skólans fóru á vikulangt námskeið á Malaga í nóvember 2017 sem kallast *Evidence informed teaching and learning* sem nýtist vel við þessa vinnu.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Upphafsskrefin voru þung, kennarar áttu erfitt með að fóta sig í gerð áætlana og velja aðferðir til að prófa í kennslu þar sem hægt er að leita fanga víða og margt í boði. Læsissteymið fékk líka annað hlutverk en áætlað var og fór því tíminn í meiri grunnvinnu en við ætluðum. Sú vinna hefur þó á endanum skilað því að við eigum heildstæðari stefnu í samræðum og markmið til að vinna að. Kennarar skólans eru almennt áhugasamir um þróun kennsluhátta og eru að vinna að margvíslegum verkefnum. Það hægir á svona stóru þróunarverkefni, þetta þarf ekki að vera neikvætt en erfitt að taka inn mörg verkefni í einu. Hin verkefnin snúast þó sum um samræður, þ.e. verið er að vinna með nemendahópa í sjálfsstyrkingu og tilfinningastjórnun gegnum verkefni sem kallast DAM og ART. Þessi verkefni eru því einnig eins konar hliðarafurð af Tölum saman, lærum saman.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Kennarar eru almennt ánægðir með áherslu á samræður í námi nemenda og sjá hana sem enn eitt verkfærið til að auka fjölbreytni og auka námsárangur nemenda. Við erum búin að setja markmið með samræðum inni okkar matskerfi og kennarar því farnir að horfa til þess í gerð áætlana. Þeir telja vera augljósa tengingu við margar kennslugreinar og munu t.d. allir kennarar í 1. - 4. bekk nú taka þátt í þróunarstarfi (sem þegar er hafið) um samræður í stærðfræði. Það er sjálfstætt verkefni sem hefur þróast samhliða. Nú þegar sjáum við sterkar vísbendingar um að þessi áhersla í stærðfræði (samræður) hafi jákvæð áhrif á námsárangur þar sem nemendur í 4. bekk fá góða niðurstöðu úr samræmdum prófum miðað við það sem við höfum áður séð. Á

öllum stigum skólans er verið að nýta efni úr námskeiðinu sem við fengum haustið 2017 (TalkingPartners), í sérkennslu og tungumálakennslu. Kennarar eru sáttir við þessa þróun og vilja halda henni áfram.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Eftir þennan tíma sem liðinn er má sjá að kennarar eru meðvitaðir um ávinninginn af því að nýta samræður í námi. Það sést vel á því sem verið er að vinna t.d. í stærðfræði á yngsta stigi og þemavinnu á mið- og unglingastigi. Á innanhússpíngi mátti vel heyra að kennarar voru að gera ýmsar tilraunir með samræður og var almenn ánægja með hvernig til tókst. Eftir að hafa fengið þrjá ólíka kennara til okkar með fræðslu fyrir okkar kennara er smám saman að verða ljóst að ávinningur af svona kennslu er mikill og hægt að fara ólíkar leiðir. Við sjáum það vissulega, fólk grípur það sem því finnst eiga best erindi við sína nemendur.

Niðurstöður verkefnisins:

- **Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?**
- **Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?**

Við teljum markmiðum hafa verið náð að hluta. Við eigum núna stefnu til að vinna eftir varðandi samræðurnar og eigum hæfniviðmið til að meta. Eins og fram hefur komið hefur verkefnið tekið breytingum þessi ár og kennarar hafa farið ólíkar leiðir. Við höldum áfram að vinna að framgangi samræðna í skólanum, með ólíkum verkfærum sem hafa ólíkan tilgang. Það getur tengst námsefni, lykilhæfni eða styrkingu nemenda á annan hátt.

Í gegnum vinnuna hefur orðið til samstarf við kennara innan Háskólans á Akureyri um þróun kennsluhátta fyrir nemendur með íslensku sem annað mál. Einnig er þróun kennslu í stærðfræði komin vel af stað í samvinnu við Miðstöð skólaþróunar við HA.

Öll þessi vinna heldur áfram og gerum við okkur grein fyrir að þessi tvö ár sem verkefnið hefur staðið yfir er undirbúningstími sem nýtist okkur við áframhaldandi þróun. Það var gríðarlega mikilvægt að fá þessa aðila til okkar sem fræddu okkur um ólíkar leiðir og nálgun í samræðum, kennarar voru allir mjög ánægðir með námskeið Clare Reed og sáu þar mjög hagnýtar leiðir í kennslu.

Það sem stendur upp úr er að kennarar skólans eru meðvitaðir um samræður sem góða kennsluáðferð og hafa prófað sig áfram og margir sýna áhuga á því að dýpka þekkingu sína enn frekar. Stjórnendur hafa mikinn áhuga á að viðhalda vinnu við þessa þróun.